

---

---

**ÞAÐ ER SPURNING**  
ÞRÓUNARVERKEFNI Í HEIMSPEKILEGRI SAMRÆÐU

---



---

---

ÞRÓUNARVERKEFNI UNNIÐ VETURINN 2016-2017

---

FYRIR LEIKSKÓLANN HÆÐARBÓL

---



ÁBYRGÐARMAÐUR VERKEFNIS: SIGURBORG KRISTJÁNSDÓTTIR SKÓLASTJÓRI

VERKEFNISSTJÓRAR: JÓHANNA GUÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR OG ÓSK FOSSDAL

---

## HUGMYNDIR OG FRAMKVÆMD VERKEFNIS

---

Hugmyndin af þróunarverkefninu *Það er spurning*, sem miðar að markvissri þjálfun í heimspekilegri samræðu og gagnrýnni hugsun var fyrst rædd í marslok 2016. Verkefnið fólst í því að þýða bók Mike Fleetham's *Thinking Stories, to Wake up Your Mind*, samtals 25 sögur, fá kennara á leik- og grunnskólastigi til samstarfs í að prófa sögurnar og sjá hvernig til tækist. Samband var haft við leik- og grunnskóla í Garðabæ, Kópavogi og á Seltjarnarnesi með það fyrir augum að hafa sem mesta breidd í aldri og fá þannig tækifæri til að meta hvort sögurnar og verkefnin sem þeim fylgja gætu vakið upp heimspekilegar samræður hjá ólíkum aldri barna. Verkefnisstjórar og styrkþegar voru Ósk Fossdal og Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir kennarar á elstu deild Hæðarbóls. Ábyrgðarmaður verkefnisins er Sigurborg Kristjánsdóttur leikskólastjóri Hæðarbóls. Prófarkarlestur sá Sigríðar Halldóru Pálssdóttur um og greiddu verkefnisstórar henni hluta af styrknum fyrir hennar vinnu.

Megináhersla verkefnisins var að:

- tilraunakenna misþung heimspekiverkefni fyrir elsta árgang leikskóla og yngstu bekki grunnskóla en í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og voru klípusögur nýttar í þeim tilgangi,
- hvetja kennara skólastiganna til þess að ígrunda með nemendum sínum ýmiss álitamál og samhliða kennslunni að ræða samfélagleg álitamál,
- efla nemendur til þess að ígrunda sína eigin líðan sem og skólasystkina sinna,
- fá kennara til að ígrunda fagmennsku sína með það fyrir augum að taka upp ný gleraugu þegar þeir fjalla um jafnréttis og lýðræðismálefni á víðum grunni.

Í ágústmánuði 2016 var haft samband við nokkra leik- og grunnskóla. Þeir skólar sem ákváðu að taka þátt í upphafi voru 5 ára börn leikskólanna Hæðarbóls. Lundabóls og Bæjarbóls, 1. bekkur Grandaskóla Seltjarnarnesi, 2. og 3. bekkur Höfstaðaskóla, 4. bekkur í Flataskóla, náms- og starfsráðgjafi í Sjálandsskóla, 6. bekkur Kársnesskóla Kópavogi og 8. og 9. bekkur í Garðaskóla

Höfundur bókarinnar Mike Fleetham gefur kennurum góðfúslegt leyfi til að nota sögunar í bókinni við kennslu án samþykkis hans en þá er ekki átt við útgáfu. Við höfðum samband við hann og kynntum hugmyndina að verkefninu fyrir honum áður en hafist var handa við þýðingar og tók hann vel í beiðni okkar. Auk þess að nota sögurnar til kennslu útgefnum á Pdf. kennsluseðlum sem eru eins staðlaðir og kennsluseðlar [Verkefnabanka Heimspekitorgsins](#) fengum við leyfi Fleetham's og útgáfufyrirtækis bókarinnar til að gefa fimm þeirra opinberlega út á Verkefnabanka Heimspekitorgsins en helst hefðum við vilja fá að gefa þær allar út þar. Verkefnabanki Heimspekitorgsins er afurð fjölgurra heimspekikennara í Garðabæ og inniheldur heimspekiverkefni frá leikskóla upp í framhaldsskóla. Öllum þátttökukennurum var bent á þann möguleika að nýta sér Verkefnabankann því allt efni í honum er birt undir merkjum Copyleft höfundarréttar.

Þegar verkefnið var kynnt fyrir kennurum var tekið fram að samskipti við þá yrðu rafræn. Það var mat okkar að rafræn samskipti í gegnum tölvupóst fullnægði þessu verkefni og þess vegna væri hægt að spara tíma og fyrirhöfn sem formlegir fundir krefjast. Frá september fram í mars, að undanskildum desember, fengu þátttökukennarar sendar til sín 4 – 5 sögur á mánuði á þar til gerðum kennsluseðlum. Þeir höfðu gengist undir að nota a.m.k. tvær þeirra í mánuði og meta hvernig til hefði tekist. Við hvöttum kennara til að leyfa nemendum að koma með spurningar sjálfir er kynnu að hafa vaknað eftir lestur sagnanna en eins mætti nýta sér spurningar á kennslueðlum. Við vildum fá innsýn inn í samræðurnar sem sköpuðust og fengum við send

sýnishorn af þeim sem sjá má í sýnishorni sem fylgir í lok skýrslu. Eins þáðum við ábendingar um hvað gera mætti betur.

Verkáætlunin sem sett var fram með umsókn verkefnisins *Það er spurning* stóð fyllilega í allri framkvæmd.

## PÁTTÖKUKENNARAR SAMANTEKT

---

---

Þegar kom að samantekt í aprílbyrjun fengu þáttöku kennarar sendan tölvupóst þar sem þeir voru beðnir um að taka saman verkefnið hjá sér í stuttu máli. Það sem við vildum fá að vita var m.a. hvort sögurnar hefðu hentað aldri nemendanna, hvaða fjöldi hentar í samræðuhóp eftir aldri, þurfti að einfalda eða breyta orðalagi. Hvernig fannst börnunum sögurnar, virkuðu sumar betur en aðrar eða annað sem þáttöku kennurum fannst mikilvægt að kæmi fram. Við spurðum líka hvort kennarar hefði notað önnur verkefni úr Verkefnabanka Heimspekitorgsins.

**Bæjarbóli**, kennari elstu barna: „Sögurnar voru helst til of þungar, það þarf að einfalda orðalag og skyra betur út. Önnur var með 6 börn í hóp, spurningarnar sem fylgdu sögunum á kennsluseðlum reyndust gagnlegar. Úthald barnanna minnkaði þegar leið á vorið en henni fannst verkefnið engu að síður skemmtilegt og samræður tókust almennt vel“.

**Lundaból**, kennari elstu barna: „Verkefnið er mjög skemmtilegt. Ég hef valið eina sögu hverju sinni og tekið hana fyrir. Stundum 2x, eða í sitt hvorum hópnum og stundum hefur bara verið tími að gera 1x. Spurningarnar eru mjög góðar sem hjálpartæki“.

**Flataskóli**, tveir umsjónarkennarar í 4. bekk: „Takk fyrir allar flottu sögurnar. Það er einróma ánægja með sögurnar hjá nemendum og kennurum. Þetta eru gæðastundir sem nemendur bíða eftir til að fá að ígrunda innihald sögunnar mjög vel. Í þessum stundum skapast góðar umræður um efni sögunnar þar sem lesskilningur fær að njóta sín. Gaman að sjá að nemendur sem eru ekki að svara oft spurningum úr námsefni í kennslustund blómstra í þessum tínum. Frábært að geta yfirfært ýmis atrið yfir á ýmiss (vanda) mál sem varða nemendur. Sýn nemenda verður önnur og betri.

Spurningarnar voru yfirleitt mjög góðar og umhugsunarverðar, mörg svör og margir möguleikar. Verkefnabankann notuðum við mjög lítið“.

**Kársnesskóli**, tveir umsjónarkennarar í 6. bekk : „Sögurnar eru misgóðar en margar henta fyrir 6. bekk og komu af stað skemmtilegum umræðum, vangaveltum og mismunandi niðurstöðum. Við völdum þær sögur sem okkur þóttu áhugaverðar og okkur fundust þjóna einhverjum tilgangi varðandi lífsspeki og í umræðum. Umfjöllunin stjórnaðist líka af tímanum sem við höfðum. Sögurnar voru ekki allar nógu vel þýddar og gat maður lesið enska orðalagið í gegn og var það þá stundum ekki vel skiljanlegt á íslensku. Spurningarnar voru misgóðar og stundum of augljósar en við völdum úr svo það kom ekki að sök. Við unnum sögurnar í misstórum hópum í íslenskutínum(læsi) og lásu nemendur ýmist sjálfir eða það var lesið fyrir þá allt eftir getu. Umræðurnar voru mest í minni hópum en síðan samantekt með öllum. Sumar sögurnar eru minnisstæðar t.d. *Ekki borða brauðið* og *Brotni potturinn*. Umræður um sögurnar leiddi í ljós að það er ekki alltaf eitthvað eitt rétt heldur kemur fleira til greina allt eftir aðstæðum og lífsviðhorfi. Þessi vinna ýtir undir umburðarlyndi og skilning á fjölbreyttum heimi og að fólk velur mismunandi leiðir því að við erum öll einstök“.

**Garðaskóli**, list- og heimspekkikennari: „Ég ákvað að nota söguna um stúlkuna sem flytur að heiman, tekur nokkrar ákvarðanir á flóttanum en endar aftur heima hjá sér. Sagan heillaði mig vegna endaleysunnar sem býr í henni, ásamt umræðuefninum um afdrifaríkar ákvarðanir, sem unglings standa oft frammi fyrir. Krökkunum fannst sagan skrýtin en þau svöruðu öllum spurningunum sem fylgdu verkefninu samviskusamlega og umræðurnar sem spunnust í kjölfarið snerust um val og afleiðingar á því, eftirsjá, ábyrgð og létti yfir „réttu“ vali. Að öðru leyti hef ég ekki notað sögurnar þar sem ákveðin verkefni lágu fyrir og ég hitti hvern hóp einu sinni á tveggja vikna fresti. Ef upp kemur veikinda-eða frídagur líður því heill mánuður á milli tímannar með þeim hópi. Ég held að sögur sem gætu gerst í samtímanum höfði betur til þessa aldurshóps en þær sem byggðar eru á ævintýraminni. Þetta er frábært framtak hjá ykkur“.

**Grandaskóli**: þrír kennrarar í 1. bekk: „Við skráðum niðurstöður og vangaveltur eftir margar af sögunum. Almennt má segja að heimspekkikennslan hafi gengið ágætlega. Sögurnar voru margar góðar en misjafnar eins og gengur og gengu misvel í börnin en flestar vel. Við vorum allar þrjár með 20 manna bekki í vetur og alltaf allan hópinn í heimspeki. Það er ekki vafi í mínum huga og það væri mun betra að hafa tækifæri til að tvískipta hópnum og hafa tíu saman í tínum. Svona stór hópur gerir það að verkum að færri verða virkir.“

Við kennararnir erum allar með langa kennslureynslu en eigi að síður fannst okkur við ekki alveg öruggar með hvernig við gætum tekist á við þetta verkefni og hefðum viljað (og viljum enn) fara á námskeið um heimspekkikennslu. Við prófuðum okkur áfram en fundum ekki lausnir sem við vorum fyllilega ánægðar með, hugsanlega skrifast það á fjölda nemenda. Þegar við skráðum sögurnar bættum við hugleiðingum okkar oft við“.

**Hofsstaðaskóli** kennari í 1. og 4. bekk: „Sögurnar frá ykkur sem ég skoðaði fundust mér aðeins of þungar fyrir 1.bekk. Ég nota reyndar Moldvörpusöguna úr Heimspekbankanum og virkar hún mjög vel. Ástæðan fyrir því að ég var ekki að nota fleiri sögur er einnig su að ég var búin að semja kennsluáætlun fyrir 1.bekk og 4.bekk fyrir allt skólaárið, þegar ég fékk póstinn frá ykkur“.

**Hofsstaðaskóli** kennari í 2. og 3. bekk: „Í veturn hef ég unnið með 2. og 3. bekk í heimspeki og notað sögurnar sem þið senduð. Margar eru góðar aðrar erfiðari. Ég hef farið þá leið að segja sögurnar því málfarið er stundum þannig að þau skilja ekki innihaldið. Oft hafa skapast góðar umræður eftir sögurnar“.

**Sjálandsskóli**, námsráðgjafi: „Ég hef því miður ekki náð að nýta sögurnar frá ykkur í veturn en vonast til að geta nýtt mér efnið fyrir komandi skólaár“

**Hæðarból**; þrír kennrarar og einn þroskaþjálfari: „Við tökum undir það með kennara Bæjarbóls að einfalda þurfti orðalag og segja margar sögurnar myndrænt, jafnvæl leika þær. Við skiptum í þrjá hópa 5-7 í hóp og var útkoman mjög mismunandi. Sæmræðurnar urðu lengri og dýpri eftir því sem leið á veturninn, þannig að úthald nemenda jókst fremur en hitt. Kennrarar gripu oft hugtak eða hugtök og fóru dýpra í þau fremur en að halda sig við sögurnar. Börnin fengu alltaf að koma með sínar eigin spurningar en spurningarnar sem fylgdu sögunum lokaðu stundum á samræður fremur en að opna fyrir þær. Við tökum líka undir það að sögurnar eru misáhugaverðar fyrir börnin og komum við til með að velja úr fyrir næsta veturn þær sögur sem gengu vel“.

## FRÁVIK ER VARÐAR VERKEFNIÐ

Við vinnu verkefnisins hafa helstu frávik verið þau að einn skóli, Sjálandsskóli datt alveg út en á móti í svona verkefni teljast það fremur lítil afföll. Þá héldum við að einn skólinn, Hofsstaðaskóli væri ekki með í veturn þar sem ekki komu nein svör frá honum mánaðarlega eins og um var rætt en síðan kemur í ljós að kennari þar hafði verið að nota sögurnar og var ánægður með þær. Á fundi

með kennurum í Garðaskóla í september 2016 komu fram efasemdir um að sögurnar myndu henta fyrir unglungastig, þrír kennrar ákváðu að taka þátt en aðeins einn kennari prófaði eina sögu eins og sjá má í skýrslunni.

Höfundar eru meðvitaðir um að vinna þeirra hefur tekið umtalsverðan tíma og getur ekki talist full launuð í peningum auk þess var ekkert svigrúm var til að greiða þátttökukennurum og lítið til að greiða prófarkarlesara. En á móti kemur að verkið er unnið af áhuga og hugsjón og höfundar hafa verið tilbúnir til að leggja sitt af mörkum við uppbyggingu og þróun heimspeki- og samræðukennslu.

## NÝTING FJÁRMUNA

Sótt var um styrk 1.365.000 kr. og fékk verkefnið 750.000kr. úr Þróunarsjóði Garðabæjar, 80% af styrk hefur verið greiddur út eins og um var samið. Fjármunir voru nýttir á eftirfarandi hátt.

Laun fyrir þýðingar auk alls annars utanumhalds tengt verkefninu:	
Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir	375.000kr.
Ósk Fossdal	375.000kr.

## ÁVINNINGUR FYRIR SKÓLASTARF

Sögurnar 25 sem þýddar hafa verið eru allar aðgengilegar á Pdf. kennsluseðlum fyrir þá kennara sem tóku þátt og geta þeir notað sögurnar eins og þeir vilja í framhaldi. Þeim er einnig frjálst að deila þeim með samkennurum í sínum skólum. Fimm sögur verða aðgengilegar fyrir alla á Verkefnabanka Heimspekitorgsins áfram. Það er almenn ánægja hjá þátttökukennurum og virðast sögurnar höfða til breiðs aldurshóps. Þær geta líka verið kveikja að áhugaverðum umræðum þvert á aldur.

Verkefnisstjórar eru tilbúnir að kynna verkefnið hvar og hvenær sem er ef áhugi er fyrir hendi.

## SÝNISHORN AF FRAMKVÆMD ÞRÓUNARVERKEFNSISINS

Eins og stendur í verkáætluninni sem fylgdi umsókn þá var þátttökukennurum sendar fjórar sögur í mánuði sem þeir gátu valið a.m.k. tvær úr til að prófa með sínum hópi þann mánuð. Kennararnir sendur okkur svo til baka svör við spurningum og sýnishorn af þeim samræðum sem upp komu í heimspekitímunum. Hér er sýnishorn frá leik- og grunnskólum sem tóku söguna Ekki borða brauðið fyrir.

### Grandaskóli 1. bekkur

Þessi hópur samanstóð af 20 börnum í 1. bekk. Áður en sagan var lesin, var farið yfir merkingu orðanna malari, árla, í skelfingu og að hefast. Síðan hlustuðu þau vel á lesturinn og höfðu áhuga á söguþræðinum. Í umræðunum voru nokkrir krakkar sem ekki tóku þátt, kannski var þetta of erfitt fyrir þá.

Spurningar og svör:

- **Af hverju heldur þú að malarann hafi dreymt það sem hann dreymdi?**  
Svör: a) Kannski hafði brauðið áhrif, b) Af því að hann er með heila.
- **Afhverju dreymir okkur? Til hvers eru draumar?**  
Svör: a) Láta okkur vita um eitthvað sem gerist, b) Til að láta okkur líða vel.
- **Hvernig myndir þú nota draumabrauð?**  
Svör: a) Til að fara í ævintýragarð, b) Að óska að það væri bara Undraland (sem er gæslan eftir skóla), c) Til að fá tölvuleikfang, d) Til að fá gæludýr og símaúr, e) Til að fá fjarstýrða þyrlu, f) Til að fá legó, g) Til að fá I-pad.
- **Var hegðun malarans rétt eða röng?**  
Svör: Börnin voru sammála um að malarinn hefði ekki átt að baka brauðið, af því að hann mátti það ekki.
- **Hugsið um eitthvað sem þið áttuð ekki að gera, olli það vandamáli? Hvernig leystuð þið það?**  
Svör: Þegar einn strákur var búinn að segja að hann hefði stolist í I-padinn, af því að hann kuni lykilordið, þá komu tveir aðrir og sögðust líka hafa stolist í tölvuna og lofað að gera það ekki aftur. Þeim fannst þetta ekki hafa verið neitt vandamál.

## Flataskóli - 4, bekkur

- **Sp. 1.** Deyr maðurinn?  
Þau halda að hann hafiáið og veran hafi drepið hann.
- **Sp. 2** Fékk hann að eiga allt í lokin?  
Til að byrja með. Þegar hann tók síðasta bitann hvarf alltaf. Þau halda að hann hafi bara verið að dreyma.
- **Sp. 3** Af hverju var veran að þessu?  
Af því veran vildi óska sér að vera manneskja
- **Sp. 4** Af hverju heldur þú að malarinn hafi dreymt það sem hann dreymdi?  
Af því að hann langaði til þess. Af því að ef maður hugsar um eitthvað leiðinlegt þá dreymir maður það.
- **Sp. 6** Hvernig myndir þú nota draumabrauðið?  
Óska fyrir heimsstríði og enginn fátæk væri til. Að veran væri ekki til. Allir ættu heima þar sem þeir vildu og ekki væru til neinir bófar. Allir geti lifað í sátt og samlyndi.
- **Sp. 7** Var hegðun malarans rétt eða röng?  
Hann átti ekki borða brauðið og ekki baka brauð. Röng hegðun
- **Sp. 8** Hugsið um eitthvað sem þið hafið gert sem þið áttuð ekki að gera, olli það vandamáli? Hvernig leystu þið það?  
Hætta að ljúga, það kemur manni bara í vandræði. Segja mömmu og pabba frá og þau hjálpa manni að lagfæra.

## Kársnesskóli 6. Bekkur

Sagan höfðaði til barnanna. Börnin spurðu ekki mikið út í söguna. Ein stúlka spurði hvað orðið „veruleiki“ þýddi. Önnu bað mig að lesa endann aftur. Þeim fannst endirinn skrítinn. Samræðan gekk vel. Ekki mikil þolinmæði í hópnum að hlusta á langar skýringar hjá öðrum. Kennari hefði átt að spryrja oftar hvers vegna. Af hverju heldurðu að það hafi gerst? O.s.frv.

- **Af hverju heldur þú að malarann hafi dreymt það sem hann dreymdi?**  
Svar: Ég held að hann hafi verið dáinn og þetta hafi gerst þegar hann var dáinn.  
**Af hverju heldur þú það?** Vegna þess að veran sagði að hann myndi deyja ef hann borðaði brauðið.  
Kannski var konan hans og börnin dáin og hann var að hitta þau aftur.
- **Afhverju dreymir okkur? Til hvers eru draumar?**

Svar: Einu sinni sá ég mynd og hún var hræðileg og um nóttina fékk ég martröð? Heilinn var enn að hugsa um myndina þó ég væri hættur að hugsa um hana.

Einu sinni var afmælið mitt alveg að fara að koma og ég hlakkaði til svo dreymdi mig um nóttina hvernig það myndi verða af því að ég var svo spennt.

Einu sinni fór ég í bíó með systkinum mínum og við vorum alein í bíóinu og svo kom auga í myndinni. Mig dreymir oft þetta auga.

Einu sinni dreymdi mig að ég myndi fá nýjan Star Wars leik og þegar ég vaknaði og fór í tölvuna mína þá var hann kominn í tölvuna þó ég hafi ekki „downlodað“ honum.

- Hvernig myndir þú nota draumabrauð?

Svar: Ég myndi henda því í ruslið svo ég mundi ekki deyja.

- Var hegðun malarans rétt eða röng?

Svar: Öll sem svöruðu sögðu röng, af því að maður á ekki að gera það sem er bannað.

Komumst ekki lengra í umræðunum að þessu sinni.

## Bæjarból 5 ára

Ég las söguna fyrir börnin og undirbjó þau þannig að þau þyrftu að hlusta mjög vel og svara nokkrum spurningum á eftir (þau urðu mjög spennt).

Þau komu ekki með spurningar sjálf, ég spurði þau spurninganna sem voru með hverri sögu, einfaldaði aðeins.

Við völdum söguna „Ekki borða brauðið“

- Hvað tekur malarinn margar ákvarðanir  
Þau skildu ekki alveg spurninguna en sögðu svo „hann dreymdi 3 drauma Af hverju haldið þið að malarinn hafi dreymt svona skrítið? Af því hann borðaði brauðið sem hann mátti ekki.
- Af hverju dreymir okkur?  
Svo maður sofni..stundum dreymir mann ljótt kannski til að hræða mann..líka ef maður er að horfa á eitthvað ljótt í tölvunni eða sjónvarpinu áður en maður fer að sofa.
- Hvernig myndir þú nota draumabrauð?  
Skila brauðinu..eða kannski taka einn bita og ef mann dreymir illa þá henda brauðinu.
- Var rétt það sem malarinn gerði?  
Nei..en hann vildi smakka það, hann var svo forvitinn
- Hvað ætlaði hettuklædda veran að gera við brauðið?  
Ekkert.
- Hafið þið einhverntíma gert eitthvað sem þið áttuð ekki að gera?  
Nei við hlustum alltaf og hlýðum
- Hvað er orsök og hvað er afleyðing?  
Veit ekki.

## UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA OG ÁBYRGÐARMANS

---

Garðabær 12. júní 2017

Verkefnisstjórar:

Jónas Þórhilsson  
BK Tersdal

Ábyrgðarmaður verkefnis

Sigrunborg Kristjánsdóttir